

Í sveitarfélögum þar sem tíðkast að þorri útsvara er greiddur á færri gjalddögum en fimm (t.d. 1—2) skal heimilt að vika frá ákvæðum 1. mgr. og haga greiðslu sem mest í samræmi við það hvernig sveitarsjóði hefðu borist gjöldin ef hann hefði innheimt þau sjálfur hjá gjaldanda.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 3.

14. janúar 1982.

AUGLÝSING
um tollafgreiðslugengi.

1. gr.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi krónunnar sem skráð var hér á landi í bönkum á hádegi hinn 14. janúar 1982 (gengisskráning nr. 1) skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með dagsetningu auglýsingar þessarar. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar óbreytt. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru, hafi fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollstjóra fyrir niðurfellingu gengisskráningar hinn 5. janúar 1982.

Hafi innflytjandi lagt inn hjá viðkomandi tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna innflutnings tiltekinnar vörusendingar og jafnframt greitt kröfu í banka hennar vegna fyrir 5. janúar 1982 er tollstjóra heimilt til 21. janúar 1982 að taka við bankastimpluðum vöru-reikningi og tollafgreiða sendingu á grundvelli þess tollafgreiðslugengis er síðast gildi fyrir útgáfu auglýsingar þessarar.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. janúar 1982.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.